

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 136/2014****2014/EES/71/23****frá 27. júní 2014****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,  
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/35/ESB frá 26. júní 2013 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (20. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) og niðurfellingu tilskipunar 2004/40/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 16jc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB) í XVIII. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32013 L 0035**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/35/ESB frá 26. júní 2013 um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviðs) (20. sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) og niðurfellingu tilskipunar 2004/40/EB (Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/35/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.